Að gerð verði greining/úttekt á því hver áhrif núverandi viðmiða skipulags eru á annars vegar umferðarhraða og hins vegar skjólsæld í götum og byggt á því hvort tilefni séu til þess að gera breytingar á þeim við miðum, með það fyrir augum að annars vegar stuðla að því að umferðarhraði verði í samræmi við hámarkshraðaáætlun sem og að stuðla að því að skjólsælla sé í bænum.

Greinargerð:
Til að uppfylla skyldur gagnvart bæjarbúum ættum við að meta sífellt hvort þau viðmið og reglur sem við styðjumst við séu bæjarbúum til hagsbóta og taka þau til endurbóta og breytinga komi í ljós að þau þjóni ekki þörfum bæjarbúa.

í samræmi við það fjallar þessi tillaga um að við í Kópavogi skoðum þau viðmið sem við höfum og notum til að meta tillögur um breytingar á byggingum og nýbyggingum líkt og það að byggingar myndi línu og þess háttar viðmið.

Að við skoðum þau viðmið með það fyrir augum að sjá hvort þau viðmið stuðli að því að við náum öðrum markmiðum líkt og hámarkshraðaáætlun sem og hvort þau stuðli að betri lífsgæðum íbúa með því að skapa skjól, þar sem ég er ekki viss um að byggingar í línu séu líklegar til að skapa skjól, en þetta þyrfti að kanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026